

við þetta án tillags frá hinu opinbera, — en ætla má, að kostnaður þessi nemi 50 rd. um mánuðinn eða 600 rd. fyrir eitt ár —, hafið þér í bræfi 30. f. m. stungið uppá, að stjórnarráðið veiti yður myndugleika til, að taka Snorra Jónsson til dýralæknis í suðurumdæminu fyrir 1 ár frá 1. maí þ. á. með 600 rd. launum um árið, og að helminginn af þessu fæ megi greiða af þeirri upphæð, sem ætluð er til óvissra útgjalda á reikningsárinu 1871—72, gegn því, að hinn helmingurinn verði goldinn úr jafnaðarsjóðnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að þó sá kostnaður, sem hér er um að ræða, að öllu leyti eptir eðli málsins gangi til sveitarparfa, hefir stjórnarráðið samt enn fallið á uppástungu yðar fyrir eitt ár frá 1. í næsta mán., og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að yður verði borgaðir til þessa 300 rd., 25 rd. á mánuði, af því fæ, sem veitt er með fjárhagsáætluninni fyrir reikningsárið 1871—72, 11. gr.

1871.

15. apríl.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

2. maí.

Um leið og vèr tilkynnum Deild hins íslenska bókmentafélags hér í bænum, að stjórnarráðið hefir veitt féluginu 150 rd. styrk til að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands,« og að í dag hefir verið hlutast til um, að fæ þetta verði greitt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra og etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins, skal þess getið útaf bænarskrá, þar sem félagið sækir um, að fá enn fremur 150 rd. styrk til að greiða þann kostnaðar auka, sem hlaut af II. bindi, 6. hepti tæðs safns, að stjórnarráðið sèr sèr eigi fært, að veita þetta.